



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
miðvikudaginn 12. október 2022, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt; Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla, Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í Reykhólaskóla leikskóladeild, Krístrún Birgisdóttir vegna Ásgarðs, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi undir lið 15, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara í Reykhólaskóla, Sandra Rún Björnsdóttir f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 9. ágúst 2022.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða. Varðandi lið 10, þá bókast að lágmarksaldur inntöku barna í leikskóladeild Reykhólaskóla verður 12 mánaða eftir breytingu fæðingarorlofs. Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skóladagatal Reykhólaskóla, grunnskóladeildar breyting.

Lagðar eru fram breytingar í skóladagatali Reykhólaskóla skólaárið 2022 – 2023. Skólastjóri fór yfir breytingarnar.

*Nefndin samþykkir breytingarnar samhljóða.*

#### 3. Skipurit Reykhólaskóla, grunn- og leikskóla.

Lagt er fram nýtt skipurit fyrir Reykhólaskóla.

*Nefndin samþykkir framlagt skipurit fyrir Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. Starfsáætlun Reykhólaskóla 2022 – 2023.

Lögð er fram starfsáætlun Reykhólaskóla skólaárið 2022 – 2023. Skólastjóri Reykhólaskóla fór yfir starfsáætlunina.

*Nefndin samþykkir starfsáætlun Reykhólaskóla skólaárið 2022 – 2023. Samþykkt samhljóða.*

#### 5. Starfsáætlun Ásgarðs 2022 – 2023.

Lögð er fram starfsáætlun Ásgarðs fyrir skólaárið 2022 – 2023. Krístrún Birgisdóttir fór yfir áætlunina með nefndinni.

*Nefndin samþykkir starfsáætlun Ásgarðs, skóla í skýjunum, skólaárið 2022 – 2023. Samþykkt samhljóða.*

## 6. Framtíð héraðsbókasafns Reykhólahrepps.

Lagt er fram erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, dagsett 6. september 2022, varðandi framtíð Héraðsbókasafns Reykhólahrepps sem staðsett er í skólabyggingu Reykhólaskóla.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gerð verði könnun á notkun bókasafnsins til að sjá fyrir um framtíð safnsins. Samþykkt samhljóða.*

## 7. Rannsókn á myglu í skólabyggingum.

Lagt fram erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, dagsett 6. september 2022, varðandi það hvort æskilegt sé að rannsaka bygginguna hvað varðar myglu.

*Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að fá Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða til að taka út húsnæði Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.*

## 8. Ytra mat á leikskólum 2023.

Erindi frá Menntamálastofnun dagsett 4. október 2022 og varðar boð um gerð ytra mats á leikskólum sveitarfélaga.

*Nefndin samþykkir að sótt verði um gerð ytra mats fyrir leikskóladeild. Samþykkt samhljóða.*

## 9. Aðalskoðun leiksvæða grunn- og leikskóla 2022, skýrslur.

Lagðar eru fram skýrslur frá BSI á Íslandi vegna aðalskoðunar á leiksvæðum grunn- og leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Frávik í skýrslunni eru lausir hlutir á við borð og bekki sem eiga að vera jarðfest. Fallvörn vantar á milli grjóttgarðs og húss á grunnskólalóð, lækka þarf kastala á leikskólalóð, lyfta þarf fallmottum undir leiktækjum á grunnskólalóð upp úr gróðri.

*Nefndin óskar eftir því að ofangreind atriði verði löguð. Samþykkt samhljóða.*

## 10. Skipun fulltrúa í undirbúningshóp fyrir Ungmennaping Vestfjarða.

Á fundi ungmennaráðs Reykhólahrepps 6. október 2022 var samþykkt að Birgitta Rut Brynjólfssdóttir fulltrúi í ungmennaráði taki sæti í undirbúningshóp fyrir Ungmennaping Vestfjarða. Kristján Steinn Guðmundsson verði varamaður.

*Nefndin fagnar því að ráðist verði í að halda Ungmennaping Vestfjarða og óskar fulltrúum Reykhólahrepps í undirbúningshópnum góðs gengis. Samþykkt samhljóða.*

## 11. Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags.

### 11.1. Umsókn um námsvist fyrir 12 nemendur við Ásgarð skóla í skýjunum.

*Nefndin samþykkir umsóknirnar, greiðsla fyrir námsvist fer eftir viðmiðunargjaldi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.*

### 11.2. Umsókn um námsvist 6 nemenda í við heimaskólaprógram Ásgarðs skóla í skýjunum.

*Nefndin samþykkir skólavist 6 nemenda í Ásgarðs skóla í skýjunum án fjárhagslegra skuldbindinga sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

**12. Skýrsla grunnskóladeildar Reykhólaskóla**

Skólastjóri Reykhólaskóla fór yfir skýrslu.

**13. Skýrsla leikskóladeildar Reykhólaskóla**

Deildarstjóri leikskóladeildar fór yfir skýrslu.

**14. Skýrsla Ásgarðs skóla í skýjunum.**

Kristrún Birgisdóttir fór yfir skýrslu.

**15. Skýrsla tómstundafulltrúa.**

Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu.

**Önnur mál : ( ef einhver)**

**16. Skólastefna Reykhólahrepps.**

*Rætt var um að endurskoða skólastefnu Reykhólahrepps. Lagt til að skoða málið með vorinu.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.20

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirskrift.